

47. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
miðvikudaginn 21. febrúar 2024, kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir,
Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fráveita frá baðlóni í Laugarási - 2311025

Fráveita frá baðlóni, minnisblað

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að leitað verði samstarfs við rekstraraðila fyrirhugaðs baðlóns um uppsetningu hreinistöðvar sem muni nýtast bæði þeim húseiningum sem nú tengjast rotþró á svæðinu og baðlóninu.

2. Dæluhús Bláskógaveitu Laugarvatni - 2305015

Útboð dæluhúss Bláskógaveitu á Laugarvatni

Farið var yfir teikningar og kostnaðaráætlun kynnt. Sviðsstjóra er falið að undirbúa útboð á verkinu.

3. Orkuöflun Vegatunga - 2401065

Minnisblað ÍSOR, dags. 13.02.2024, um staðsetningu hitastigulshola

Minnisblað ÍSOR var lagt fram. Þar er gerð tillaga um staðsetningu á rannsóknarholum, hitastigulsholum.

4. Tartanvöllur Laugarvatni - 2402024

Hreinsun á tartanvelli á Laugarvatni, kostnaðaráætlun.

Gunnar Gunnarsson, verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags/íþróttafulltrúi, kom inn á fundinn undur þessum lið og gerði grein fyrir erindinu. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir erindið.

5. Gatnatenging og fráveita Kriki 2 - 2402025

Lóðin Kriki 2 gerð byggingarhæf, gatnatenging og færsla á læk (vatnsrás).

Samhlíða því að grafið verður fyrir húsnaði Brunavarna Árnassýslu á lóðinni Krika 2 verður gengið frá tengingu lóðarinnar við Lindarskóg og vatnsrás sem liggur um lóðina færð út fyrir lóðarmörk.

6. Viðhald skólastjórabústaðar (Mosar 1) Reykholti - 2401037

Minnisblað um brunavarnir og algilda hönnun

Minnisblaðið var lagt fram.

7. Samningur um aðalskoðun leiksvæða 2024 - 2402027

SH
SS
+I.K
AS

Samningur um aðalskoðun leiksvæða

Lögð voru fram til kynningar drög að samningi um aðalskoðun leiksvæða. Sviðsstjóra er falið að ganga frá samningi.

8. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

Útboð fráveitu, 3. áfangi endurnýjunar á Laugarvatni

Útboð á verkinu hefur verið auglýst. Tilboð verða opnuð 27. febrúar n.k.

9. Sláttur og hirðing Reykholt og Laugarás 2024-2026 - 2401066


Útboð á slætti í Laugarási og Reykholti

Verkið hefur verið boðið út. Tilboð verða opnuð 7. mars n.k.

Fundi slítið kl. 12:05.


Stefanía Hákonardóttir


Helgi Kjartansson


Jón Forni Snæbjörnsson


Asta Stefánsdóttir


Benedikt Skúlason


Kristófer Arnfjörð Tómasson